

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Af öllum húseignum í Mosfellsbæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 23. gr. samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera mat fasteigna þ.e. samanlagt fasteignamat húsa og lóða, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,105% af álagningarstofni.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, sbr. 23. gr. í samþykkt um fráveitu í Mosfellsbæ.

#### 4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur bæjarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 7. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorku-lífeyrisþega.

#### 5. gr.

Í þeim tilvikum sem Mosfellsbær nýtir heimild samkvæmt 20. gr. samþykktar um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 212.351 fyrir hvern 6" heimæðarstút. Fyrir heimæðarstúta stærri en 6" greiðast kr. 330.445 eða raunkostnaður veitunnar hverju sinni. Í þeim tilvikum þar sem lengd heimæðar frá stofnæð að lóðarmörkum fer yfir 10 metra skal innheimta raunkostnað hverju sinni. Óski húseigandi eftir færslu fráveituheimæðar að nýjum tengipunkti greiðir hann útlagðan kostnað veitunnar.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um fráveitu í Mosfellsbæ nr. 1014/2010 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 6/2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, 27. nóvember 2019.*

**Haraldur Sverrisson** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2020